

## REGLUGERÐ

### um símatorgsþjónustu.

#### I. KAFLI

##### Inngangur.

##### 1. gr.

Símatorg er þjónusta sem Póst- og símamálastofnun býður skráðum fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Sá sem setur upp upplýsingaþjónustu í Símatorgi nefnist upplýsingaveitandi. Upplýsingar eru lesnar inn á sjálfvirkan svörunarbúnað og er hægt að nálgast þær með því að hringja í sérstök uppkallsnúmer, sem Póst- og símamálastofnun úthlutar upplýsingaveitanda. Sérstakt gjald er tekið þegar hringt er í uppkallsnúmer í Símatorgi. Póst- og símamálastofnun skal ákveða hvaða tegund þjónustu má veita í Símatorgi í samræmi við reglur þessar.

#### II. KAFLI

##### Skráning, ábyrgð og þagnarskylda.

##### 2. gr.

Upplýsingaveitandi sem óskar eftir að veita upplýsingaþjónustu í Símatorgi, skal sækja um Símatorgsnúmer til Póst- og símamálastofnunar. Í umsókn komi fram nafn, kennitala og heimilisfang upplýsingaveitanda, ásamt upplýsingum um fyrirhugaða upplýsingaþjónustu. Einnig skal tilgreina hver er ábyrgðarmaður þeirra upplýsinga sem fram eiga að koma í upplýsingaþjónustu.

Enginn upplýsingaveitandi getur fengið eða áskilið sér einkarétt á þjónustu í Símatorgi.

##### 3. gr.

Númer í Símatorgi má aðeins tengja sjálfvirkri svörun.

##### 4. gr.

Póst- og símamálastofnun ber enga ábyrgð á upplýsingum upplýsingaveitanda í Símatorgi. Slík ábyrgð er eingöngu hjá upplýsingaveitanda.

Upplýsingaveitandi og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu gagnvart notendum í samræmi við fjarskiptalög.

##### 5. gr.

Þjónusta í Símatorgi má ekki vera á því sviði sem einkaréttur Póst- og símamálastofnunar nær samkvæmt lögum um fjarskipti.

### III. KAFLI Flokkun þjónustu og gjaldtaka.

#### 6. gr.

Uppkallsnúmer eru tengd verðflokki á eftirfarandi hátt:

1. flokkur 99 50 XX (skrefalengd 16 sek.)
2. flokkur 99 51 XX (skrefalengd 12 sek.)
3. flokkur 99 56 XX (skrefalengd 8 sek.)
4. flokkur 99 1X XX (skrefalengd 5 sek.)
5. flokkur 99 2X XX (skrefalengd 3 sek.)

Gjaldflokkar 3, 4 og 5 eru aðeins opnir notendum í stafræna símakerfinu, þ.m.t. farsímakerfinu, sem geta fengið sundurliðaða símreikninga.

Í öllum gjaldflokkum, nema 1. og 2. flokki skal ætíð koma fram í byrjun símtals hvað hver mínúta kostar. Verðkyrning skal koma innan 10 sek. eftir að svörun hefst.

#### 7. gr.

Notendur stafræna kerfisins sem þess óska geta látið læsa síma sínum fyrir þjónustu í 3., 4. og 5. flokki eða öllum flokkum í Símatorgi. Hafi síma verið læst fyrir þessa þjónustu og óskað er eftir opnun á ný, skal það gert skriflega.

Fyrsta læsing er endurgjaldslaus, en kostnað af síðari læsingu eða opnun ber notandi.

#### 8. gr.

Efni, sem ætlað er börnum sérstaklega, má ekki taka lengri tíma en 8 mín. og skal vera í 1. gjaldflokki.

### IV. KAFLI Almennar takmarkanir á efni þjónustu í Símatorgi.

#### 9. gr.

Hámarkslengd símtals í Símatorgi skal vera 30 mínútur. Ef notandi gerir enga aðgerð skal sambandið rofið eftir 10 mínútur. Upplýsingaveitandi er ábyrgur fyrir því að búnaður hans rjúfi símtalið þegar þessum hámarkstímum er náð.

#### 10. gr.

Rabblínur, þ.e. þegar fleiri en einn notandi eru tengdir saman, eru ekki leyfilegir í Símatorgi.

Leikir eru einungis leyfðir að fenginni skriflegri heimild Póst- og símamálastofnunar.

#### 11. gr.

Óheimilt er að kynna annað uppkallsnúmer í Símatorgssímtali.

#### 12. gr.

Ekki má bjóða upp á efni sem brýtur gegn almennum siðgæðisreglum.

#### 13. gr.

Ef nauðsynlegt er að breyta uppkallsnúmeri í Símatorgi af tæknilegum ástæðum, er Póst- og símamálastofnun það heimilt enda skal slík breyting tilkynnast upplýsingaveitanda með góðum fyrirvara.

## V. KAFLI

### Gjaldtaka og innheimta greiðslna.

#### 14. gr.

Upplýsingaveitandi greiðir Póst- og símamálastofnun fyrir númer og línur í samræmi við gjaldskrá sem samgönguráðherra gefur út. Tækjabúnaður upplýsingaveitanda skal vera viðurkenndur af Fjarskiptaeftirlitinu og geta annað þeirri umferð sem býðst.

Greiðslur vegna reikninga, sem innheimtast ekki, verða bakfærðar hjá þeim aðilum, sem veita Símatorgsþjónustu, samkvæmt nánari reglum. Póst- og símamálastofnun áskilur sér rétt til að loka ekki fyrir almenna símaþjónustu notanda þó að hann sé í vanskilum vegna Símatorgsþjónustu.

Í uppgjöri við upplýsingaveitanda er heimilt að draga frá allar skuldir hans við Póst- og símamálastofnun vegna Símatorgsþjónustu.

Póst- og símamálastofnun getur látið koma fram á símareikningi notenda stafræna kerfisins hve stór hluti reikningsins er vegna símtala í Símatorgi.

Fyrir tölfraðilegar upplýsingar greiðist sérstaklega.

## VI. KAFLI

### Auglýsingar, kynning og eftirlit.

#### 15. gr.

Í öllum auglýsingum og kynningum um Símatorgsþjónustu skal koma fram með greinilegum hætti verð fyrir hverja mínútu. Í prentuðum auglýsingum skal verðið vera í ekki minni stöfum en megintexti.

Í auglýsingum og kynningum skal ekki gefa til kynna að veittar séu aðrar eða víðtækari upplýsingar en fram koma við upphringingu.

#### 16. gr.

Markaðsaðgerðir upplýsingaveitanda skulu gerðar með hliðsjón af afkastagetu. Upplýsingaveitendur mega eingöngu vísa til þjónustu hvers annars í markaðsaðgerðum, ef þeir gera um það samning sín á milli. Póst- og símamálastofnun má fjalla um þjónustu Símatorgsins í sínum markaðsaðgerðum.

#### 17. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að hafa eftirlit með þjónustu upplýsingaveitanda t.d. með upphringingum. Upplýsingaveitandi fær ekki tekjur af þessum upphringingum.

#### 18. gr.

Pagnarskylda skal gilda um gagnkvæmar upplýsingar milli Póst- og símamálastofnunar og upplýsingaveitanda í samræmi við góða viðskiptahætti.

## VII. KAFLI

### Viðurlög og heimild til lokunar.

#### 19. gr.

Brjótí upplýsingaveitandi reglugerð þessa skal póst- og símamálastofnun gefa honum kost á að bæta úr því sem talið er brjóta gegn reglugerð þessari.

Við ítrekuð eða stórfelld brot getur stofnunin lokað uppkallsnúmeri.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 og lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála nr. 36/1977 staðfestist hér með til að taka gildi 15. desember 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 30. nóvember 1992.*

**Haldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## SAMPYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til **eins árs**. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 49/1990 um breytingu á þeim lögum.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.  
Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrjú aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn.

B. Til **fjögurra ára**. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum.

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Auk þess situr félagsmálastjóri fundi þess. Eigi færri en tveir ráðsmenn skulu vera bæjarfulltrúar.  
Félagsmálaráð hefur með höndum framkvæmd félagsmálastarfs kaupstaðarins.  
Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 53/1966, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991 og verkefni leikskólanefndar skv. 5. gr. laga nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991.  
Félagsmálaráð skal kveðja 4 menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra, sbr. 2. tl. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, sbr. 7. gr. sömu laga. Þjónustuhópur aldraðra skal fara með hlutverk öldrunarnefndar, sbr. 6. gr. ofanefndra laga.  
Einnig fer félagsmálaráð með þau mál sem fjallað er um í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga að svo miklu leyti sem öðrum nefndum eru ekki falin þau verkefni skv. sérilögum, s.s. áfengisvarnarnefnd, húsaleigunefnd og húsnaðisnefnd.